

Í tilefnisflokkinn „Líkamlegir þættir“ eru skráð þau samskipti við nemendur eða forráðamenn þeirra varðandi líkamleg einkenni. Hér er átt við þau einkenni sem koma fram hjá nemanda án þess að eitthvað í skólanum hafi orsakað þau.

Ef einkennin eru tilkomin vegna óhapps/slys í skólanum á að skrá það í tilefnisflokkinn „áverkar og slys á skólatíma“. Ef ekkert í skólanum olli einkenninum, þá eru þau skráð hér í þennan flokk.

Algengustu hjúkrunarviðfangsefni (HV) í heilsuvernd skólabarna tengd líkamlegum einkennum eru sett fram hér í stafrófsröð og helstu hjúkrunarmeðferðirnar (HM) sem eiga við.

Ekki þykir ástæða til að hafa hér HV „Vefjaskaði-sár“. Ef nemandi kemur með sár sem gerðist í skólanum að þá fer það í tilefnisflokkinn „Áverkar og slys á skólatíma“. Ef komið er vegna sárs sem gerðust utan skólatíma þá fara þau hér undir HV „Gömul meiðsl“.

Skilgreining á hjúkrunarviðfangsefnum (HV):

Skilgreining er gefin við hvert HV í eftirfarandi töflu og einnig eru taldar upp þær HM sem eiga helst við viðkomandi HV. Sú HM sem Ískrá hakar sjálfkrafa við þegar viðkomandi HV er valið er lituð rauð. Ef sú HM á ekki við er hægt að „afhaka“ hana með því að smella á hakið og haka í þá HM sem við á.

Hjúkrunarviðf.efni (HV)	Skilgreining	Hjúkrunarmeðferð (HM)
<input type="checkbox"/> Einkenni frá öndunarfærum	Samskipti við nemanda/ forráðamann vegna einkenna frá öndunarfærum hjá nemandanum.	<input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir
<input type="checkbox"/> Fyrirspurn	Nemandi/forráðamaður óskar eftir upplýsingum um einhverja líkamlega þætti tengda nemandanum.	<input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input type="checkbox"/> Tilvísun á heilsugæslustöð <input type="checkbox"/> Tilvísun til læknis
<input type="checkbox"/> Gömul meiðsl	Átt við einkenni/meiðsl sem gerðust ekki þann daginn og áttu sér stað utan skólatíma, t.d. heima eða á íþróttæfingu.	<input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input type="checkbox"/> Húðmeðferð <input type="checkbox"/> Nudd <input type="checkbox"/> Saumataka <input type="checkbox"/> Sárameðferð <input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input type="checkbox"/> Strapp á fingur/tær <input type="checkbox"/> Teygjubindi/hólkur <input type="checkbox"/> Tilvísun til læknis

<input type="checkbox"/> Ofnæmisviðbrögð	Nemandi sýnir ofnæmisviðbrögð án þess að vera með þekkt ofnæmi.	<input checked="" type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input type="checkbox"/> Tilvísun til læknis
<input type="checkbox"/> Ógleði/Uppköst	Nemendi kvartar um ógleði eða kastar upp.	<input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input checked="" type="checkbox"/> Hvíld, umönnun og nærvera <input type="checkbox"/> Heimferð <input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input type="checkbox"/> Mæling lífsmarka
<input type="checkbox"/> Slappleiki	Nemandi kemur vegna slappleika eða forráðamaður hefur samband vegna slappleika hjá barni sínu.	<input checked="" type="checkbox"/> Mæling lífsmarka <input checked="" type="checkbox"/> Hvíld, umönnun og nærvera <input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input type="checkbox"/> Heimferð <input type="checkbox"/> Lyfjagjöf <input type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input type="checkbox"/> Tilvísun til læknis
<input type="checkbox"/> Svimi/Yfirið	Samskipti við nemanda / forráðamann vegna svima/yfiriðs hjá nemandanum.	<input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input checked="" type="checkbox"/> Mæling lífsmarka <input checked="" type="checkbox"/> Hvíld, umönnun og nærvera <input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input type="checkbox"/> Heimferð <input type="checkbox"/> Tilvísun til læknis
<input type="checkbox"/> Sýking í auga	Samskipti við nemanda / forráðamann vegna einkenna um sýkingu í augum.	<input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input type="checkbox"/> Tilvísun til læknis <input type="checkbox"/> Tilvísun til augnlæknis

<input type="checkbox"/> Tíðablæðingar	Stúlku vantar dömubindi vegna tíðablæðinga.	<input checked="" type="checkbox"/> Dömubindi
<input type="checkbox"/> Útskilnaður	Samskipti við forráðamann/nemanda vegna vandamála tengdum þvagi eða hægðum hjá nemandanum.	<input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann
<input type="checkbox"/> Veikluð húð <input type="checkbox"/> Bólur <input type="checkbox"/> Munnangur/frunsa <input type="checkbox"/> Roði/Bólga <input type="checkbox"/> Útbrot/kláði <input type="checkbox"/> Vörtur/Blöðrur <input type="checkbox"/> Þurr húð	<p>Einkenni í húð sem eru ekki af völdum slyss í skólanum þann daginn.</p> <p>Ef um komu vegna varaburks er að ræða er merkt við ‚Þurr húð‘</p>	<input checked="" type="checkbox"/> Húðmeðferð <input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input type="checkbox"/> Hita/kuldameðferð <input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input type="checkbox"/> Tilvísun til læknis
<input type="checkbox"/> Verkur/óþægindi í <input type="checkbox"/> höfði <input type="checkbox"/> auga <input type="checkbox"/> eyra <input type="checkbox"/> andliti <input type="checkbox"/> tönnum <input type="checkbox"/> hálsi <input type="checkbox"/> herðum/öxlum <input type="checkbox"/> efri útlimum <input type="checkbox"/> baki <input type="checkbox"/> kvið/bringu <input type="checkbox"/> mjóðmum/nára/rassi <input type="checkbox"/> tíðarverkur <input type="checkbox"/> neðri útlimum	<p>Samskipti við nemanda / forráðamann vegna óþæginda/verks sem nemandinn hefur.</p> <p>Hér væri þá verkur sem er ekki orsakaður af höggi/falli í skólanum.</p> <p>Líkamshlutum er raðað frá toppi til táar og er skilgreint eftirfarandi. Höfuð (frá enni og niður að hnakka) Andlit (nef, kinnar, kjálkar og haka) Efri útlimir (allt frá upphandlegg til fingurgóma) Neðri útlimir (allt frá nára niður að tá).</p> <p>Ekki er ástæða í bili að greina staðsetningu verkjanna/óþægandanna nánar en þetta.</p>	<input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input type="checkbox"/> Hita/kuldameðferð <input type="checkbox"/> Heimferð <input type="checkbox"/> Hvíld, umönnun, nærvera <input type="checkbox"/> Mæling lífsmarka <input type="checkbox"/> Nudd <input type="checkbox"/> Sjónskerpupróf <input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input type="checkbox"/> Strapp á finger/tær <input type="checkbox"/> Teygjubindi/hólkur <input type="checkbox"/> Tilvísun á heilsugæslustöð <input type="checkbox"/> Tilvísun til læknis <input type="checkbox"/> Tilvísun til tannlæknis

*SHS = Starfsfólk í heilsuvernd skólabarna